



ÚTHLUTUNARREGLUR ÍSÍ UM STARFSLAUN AFREKSÍPRÓTTAFÓLKS OG AFREKSPJÁLFA

1. gr. – Tilgangur og markmið

Tilgangur reglna þessara er að skilgreina skilyrði og verklag við úthlutun starfslauna, sem ætlað er að veita afreksíþróttafólki og afrekspjálfum fjárhagslegan stuðning til að efla afreksstarf á Íslandi.

Markmið starfslauna er að gera afreksíþróttafólki og þjálfum kleift að setja íþrótt sína í forgang og einbeita sér að afreksíþróttastarfi með það að leiðarljósi að ná framúrskarandi árangri og komast í fremstu röð á alþjóðavettvangi.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) úthlutar starfslaunum til afreksíþróttafólks og þjálfara. Afrekssjóður annast úthlutun þeirra.

2. gr. – Fjármögnun og fjárhæðir starfslauna

Starfslaun eru fjármögnuð með framlagi mennta- og barnamálaráðuneytis skv. samningi við ÍSÍ um innleiðingu afreksstarfs. ÍSÍ er heimilt að sækja frekara fjármagn til starfslauna.

Úthluta skal að hámarki 90% af ráðstöfunarfé hvers árs. Eftirstöðvum, að lágmarki 10%, skal haldið eftir til að mæta umsóknum sem kunna að berast utan auglýsts umsóknarfrests, sbr. 6. mgr. 3. gr. Óráðstafað fé í árslok skal fært til ráðstöfunarfjár næsta árs.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákveður fjárhæð fullra starfslauna ár hvert og skal hún birt samhliða auglýsingu umsókna um starfslaun.

3. gr. – Umsóknir

Afreksmiðstöð Íslands (AMÍ) skal auglýsa eftir umsóknum um starfslaun að minnsta kosti árlega. Sérstök eyðublöð fyrir umsóknir skulu fylgja auglýsingu.

Umsóknir um starfslaun skulu unnar í samvinnu umsækjanda og viðkomandi sérsambands. Í umsóknum um starfslaun íþróttafólks skulu meðal annars koma fram upplýsingar um íþróttuferil umsækjanda, fyrri árangur og skammtíma og langtíma markmið.

Með umsóknum um starfslaun þjálfara skal fylgja greinargóður rökstuðningur fyrir þörf verkefnisins, starfsáætlun viðkomandi þjálfara og ferilskrá.

Umsóknir skulu berast innan auglýsts umsóknarfrests og á því formi sem AMÍ gerir kröfu um.





Heimilt er að senda inn umsókn um starfslaun utan auglýsts umsóknarfrests vegna aukins íþróttalegs árangurs eða ófyrirséðra verkefna.

4. gr. – Skilyrði og skyldur starfslaunaþega

Umsækjendur um starfslaun skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Íþróttafólk

- Falla undir skilgreiningu framúrskarandi íþróttafólks samkvæmt Afreksstefnu ÍSí.
- Vera að lágmarki 18 ára á því almanaksári sem umsóknin tekur til.
- Uppfylla skilyrði til að keppa fyrir hönd Íslands í viðkomandi íþrótt.
- Ekki gerst brotlegt við lög og reglur viðkomandi sérsambands eða alþjóðasambands um veðmál og hagræðingu úrslita á síðastliðnum þremur árum.
- Ekki hlotið refsingu fyrir brot á lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands á síðastliðnum þremur árum.
- Ekki hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga (alm. hgl.) eða verið dæmt fyrir manndráp (211. gr. alm. hgl.) eða líkamsmeiðingar (218. gr. alm. hgl.)
- Ekki hafa hlotið refsídóm á síðastliðnum 5 árum fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Þeir sem njóta fullra starfslauna í 6 mánuði eða lengur skulu ekki gegna fullu starfi á meðan á starfslaunatímanum stendur. Með fullu starfi er átt við 67% starf eða meira. Einstaklingi sem þiggur full starfslaun er heimilt að stunda nám á starfslaunatímabilinu, enda sé það ekki til þess fallið að hindra markvissa þátttöku í æfingum og keppni.

Þjálfarar

- Þjálfarar íþróttafólks sem fellur undir skilgreiningu framúrskarandi íþróttafólks samkvæmt Afreksstefnu ÍSí.
- Hafa lokið menntun sem nýtist við þjálfun afreksíþróttafólks eða með reynslu af þjálfun á hæsta stigi.
- Ekki gerst brotlegir við lög og reglur viðkomandi sérsambands um veðmál og hagræðingu úrslita á síðastliðnum þremur árum.
- Ekki hlotið refsingu fyrir brot á lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands á síðastliðnum þremur árum.
- Ekki hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga (alm. hgl.) eða verið dæmdir fyrir manndráp (211. gr. alm. hgl.) eða líkamsmeiðingar (218. gr. alm. hgl.).
- Ekki hafa hlotið refsídóm á síðastliðnum 5 árum fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Nánar skal kveðið á um skilyrði fyrir greiðslum starfslauna í samningi umsækjanda og sérsambands við AMÍ.





5. gr. – Lengd starfslauna

Heimilt er að úthluta fullum starfslaunum eða starfslaunum að hluta.

Starfslaunum er úthlutað til allt að 48 mánaða í senn. Samningar um starfslaun sem úthlutað er til lengri tíma en 12 mánaða skulu endurskoðaðir árlega. Endurskoðun byggist á því hvort viðkomandi uppfylli áfram skilyrði þessara úthlutunarreglna, sinni markvisst æfingum og keppni samkvæmt samþykktri áætlun og sýni fram á framvindu í starfi sínu sem afreksíþróttamaður.

Verulegar breytingar á úthlutunarreglum eða á fjárhagslegum forsendum úthlutunar geta leitt til endurskoðunar eða uppsagnar samnings, samkvæmt nánari ákvæðum hans.

Starfslaun skulu greidd samfelld á meðan á starfslaunatíma stendur. Heimilt er að veita undanþágu frá töku samfelldra starfslauna vegna meðgöngu, fæðingarorlofs, veikinda eða meiðsla í samráði við umsækjanda.

6. gr. - Ákvörðun um úthlutun

AMÍ tekur afstöðu til fullbúinna umsókna og leggur fyrir stjórn Afrekssjóðs. Í tengslum við meðferð umsókna getur AMÍ kallað eftir frekari gögnum og upplýsingum frá umsækjanda og viðkomandi sérsambandi og íþróttafélagi eftir því sem við á.

Við mat á umsóknum um starfslaun afreksíþróttafólks er m.a. heimilt að líta til eftirfarandi þátta, eftir því sem við á:

- Árangurs umsækjanda í viðkomandi íþrótt á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi.
- Stöðugleika og framfara í íþróttinni á síðastliðnum árum.
- Áætlaðra verkefna og markmiða á umsóknartímabili.
- Möguleika á þátttöku og árangri í stórmótum.
- Útbreiðslu og stærð íþróttar í alþjóðlegum samanburði.
- Framkomu og hegðunar umsækjanda innan keppni sem utan.
- Fjárhaglegs stuðnings frá öðrum aðilum, hvort sem um er að ræða styrki, laun eða annars konar fjárstuðning.

Við mat á umsóknum um starfslaun þjálfara er m.a. heimilt að líta til eftirfarandi þátta, eftir því sem við á:

- Árangurs einstaklinga eða liða á alþjóðlegum vettvangi sem viðkomandi hefur þjálfað.
- Möguleika einstaklinga eða liða sem viðkomandi þjálfar á þátttöku og árangri í stórmótum.
- Útbreiðslu og stærð íþróttar í alþjóðlegum samanburði.
- Framkomu og hegðunar þjálfara innan keppni sem utan.
- Fjárhaglegs stuðnings frá öðrum aðilum, hvort sem um er að ræða styrki, laun eða annars konar fjárstuðning.
- Hvort þjálfari starfi beint með afreksfólki sem nýtur starfslauna.





Úthlutun starfslauna byggir á faglegu heildarmati, þar sem horft er til fjölmargra þátta og samhengis þeirra. Enginn einstakur þáttur veitir sjálfkrafa rétt til starfslauna. Afrekssjóður ÍSí gerir tillögu að úthlutun á grundvelli fyrirbyggjandi umsókna og skal hún lögð fyrir framkvæmdastjórn ÍSí til endanlegrar staðfestingar. Tillögur Afrekssjóðs ÍSí skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Ákvarðanir sem hafa verið staðfestar af framkvæmdastjórn ÍSí eru endanlegar og ekki kæranlegar.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um starfslaun birtir AMÍ upplýsingar um starfslaunaþega á vefsvæði AMÍ á heimasíðu ÍSí.

7. gr. – Uppsögn

Ef starfslaunaþegi sinnir ekki skyldum sínum samkvæmt samningi við AMÍ eða ef forsendur fyrir úthlutun starfslauna breytast verulega, er AMÍ heimilt að segja samningnum upp með mánaðar fyrirvara. Uppsögn skal tilkynnt skriflega og taka gildi við næstu mánaðamót.

Ef starfslaunaþegi er staðinn að alvarlegu broti, svo sem lyfjamisnotkun, svindli, þátttöku í ólöglegum veðmálum eða veitir vísitandi rangar eða villandi upplýsingar til AMÍ, er AMÍ heimilt að rifta samningi um starfslaun tafarlaust. Í slíkum tilfellum getur AMÍ krafist endurgreiðslu greiddra launa, að hluta eða í heild, eftir atvikum.

Ákvörðun um uppsögn eða riftun samnings skal staðfest af framkvæmdastjórn ÍSí.

8. gr. – Gildistími

Reglur þessar öðlast gildi við samþykki framkvæmdastjórnar ÍSí.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí þann 15. október 2025

